

HV 2019-17
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 2018

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson

REYKJAVÍK MARS 2019

Vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 2018

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson

Upplýsingablað

Titill: Vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 2018		
Höfundur: Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson		
Skýrsla nr: HV 2019-17	Verkefnisstjóri: Ásta Kristín Guðmundsdóttir	Verknúmer: 8965
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 25	Útgáfudagur: 15. mars 2019
Unnið fyrir: Veiðifélag Norðurár	Dreifing: Ópið	Yfirfarið af: Magnús Jóhannsson
Ágrip Í Norðurá veiddust 1.692 laxar árið 2018 og var veiðin 4,8% undir meðalveiði. Hlutfall smálaxa af heildarveiðinni var 84,2% og var 30% þeirra sleppt aftur. Hlutfall stórlaxa af heildarveiðinni var 15,8% og þar af voru hrygnur 76,3%. Nær öllum stórlöxum var sleppt aftur eða 96,6%. Nettó ganga upp fyrir teljarann í Glanna var 269 silungar, 936 smálaxar og 259 stórlaxar. Stærstur hluti laxa gekk í júlí eða 76,2%. Reiknað hrognamagn laxa á svæðinu ofan Glanna var 3,4 milljónir, rúmlega 530 þús. hrognum undir meðaltali (2011 – 2018) og þar af var hlutur stórlaxahroga 55,1%. Hreistur var rannsakað af 84 löxum og þar af voru 13,1% á endurtekinni hrygningargöngu en voru að meðaltali 4,9% á tímabilinu 1988 – 2018. Meira ber á löxum á endurtekinni hrygningargöngu þegar smálaxagöngur eru litlar, en mesta hlutdeildin var 27,9% árið 2012. Hlutdeild hrygna af löxum á endurtekinni hrygningu var 45,5% árið 2018 en meðaltal tímabilsins 1988 – 2018 er 70,5%. Ferskvatnsaldur úr hreisturrannsóknum laxa í Norðurá árið 2018 var 3,6 ár, litlu meira en meðaltalið sem er 3,52 ár (1988 – 2018) og bakreiknuð meðallengd við sjávargöngu var 12,3 en langtímameðaltalið er 12,6 cm (1988 – 2018). Vöxtur unglaxa á fyrsta ári í hafi var 33,5 cm eða 0,6 cm undir meðaltali sem er 34,1 cm. Laxar á hrygningargöngu voru raktir til fimm klakárganga (2011 – 2015), þar af 50,6% til klaks ársins 2013 og þriðjungur til klakárgangs 2014. Meðallengd sumargamalla laxaseiða var 3,3 cm; seiði á öðru ári voru 5,7 cm og seiði á þriðja ári 7,8 cm. Í öllum tilfellum var meðallengd aldurshópanna minni en árið 2017 og frá 0,3 – 0,6 cm undir langtímameðaltali. Samanlögð vísitala allra aldurshópa laxaseiða var 56,0/100 m², sú þriðja hæsta sem mælst hefur á vatnasvæðinu og rúmlega tvöfalt hærri en langtímameðaltalið. Vísitala sumargamalla laxaseiða var 23,4/100 m², vísitala seiða á öðru ári 21,9/100 m² og seiða á þriðja ári var 10,0/100 m². Meðalvatnshiti hvers mánaðar í maí – ágúst í Glanna í Norðurá árið 2018 var annar lægsti yfir tímabilið 2012 – 2018. Samfelld neikvætt hitafrávik frá meðaltali (2012 – 2018) mældist í maí – október 2018, mest 1,5°C í júní. 25alið er að búsvæði Norðurá séu ekki fullnýtt. Breytt veiðistjórnun í Norðurá hefur stækkað hrygningarstofn árinna en nær öllum stórlaxi er sleppt í stangaveiðinni og sleppingar á smálaxi hafa aukist. Aukin hlutdeild stórlaxa í Norðurárhrygningunni er greinileg.		
Lykilorð: laxveiði, göngur, endurtekin hrygning, hrognamagn, seiðavísitala, veiðihlutfall		
Undirskrift verkefnisstjóra: 	Undirskrift forstöðumanns sviðs: 	

Efnisyfirlit

Bls.

Inngangur	1
Aðferðir	2
Niðurstöður	4
Stangveiði	4
Fiskteljari og veiðihlutfall.....	4
Hrognafjöldi	5
Hreistur	5
Seiðarannsóknir	6
Vatnshiti.....	6
Umræður	7
Þakkir	10
Heimildaskrá.....	10
Töflur	12
Myndir	16
Viðauki.....	23

Töfluskrá

Tafla 1. Stangveiði á vatnasvæði Norðurár árið 2018. Afli er tiltekinn og hlutfall fiska sem sleppt var aftur (veiða og sleppa).	12
Tafla 2. Laxveiðin á vatnasvæði Norðurár 2018. Reiknuð er meðalþyngd eftir kyni og sjávaraldri.	12
Tafla 3. Nettó ganga laxfiska um fiskteljarann í Glanna í Norðurá 2018, sundurliðuð eftir mánuðum.	12
Tafla 4. Hrognafjöldi á vatnasvæði Norðurár ofan teljarans í Glanna frá 2011 - 2018. Hliðarar meðtaldar að Hellisá undanskilinni.	12
Tafla 5. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa á sinni fyrstu hrygningargöngu samkvæmt aldursgreiningum á hreistursýnum úr stangaveiði á vatnasvæði Norðurár 2018 (Hæ=hængar, Hr=hrygnur, ÓP =kyn ekki skráð).....	13

Tafla 6. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa sem áður hafa hrygnt samkvæmt aldursgreiningum á hreistursýnum úr stangaveiði á vatnasvæði Norðurár 2018 (Hæ=hængar, Hr=hrygnur, ÓÞ=kyn ekki skráð).	13
Tafla 7. Fjöldi, ferskvatnsaldur og bakreiknuð lengd (cm) laxa (1. hrygningarganga) í hreistursýnum úr laxveiðinni í Norðurá 2018.	13
Tafla 8. Reiknaður fjöldi laxa eftir klakárgöngum og sjávaraldri í laxveiðinni á vatnasvæði Norðurár 2018.....	13
Tafla 9. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða á vatnasvæði Norðurár þann 8. – 10. ágúst 2018. Fjöldi (N) og staðalfrávik (SD) er sýnt.	14
Tafla 10. Meðallengd (cm) aldurshópa urriðaseiða á vatnasvæði Norðurár þann 8. – 10. ágúst 2018. Fjöldi (N) og staðalfrávik (SD) er sýnt.	14
Tafla 11. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi í einni umferð á 100 m ²) lax, bleikju og urriða eftir rafveiðistöðvum og aldurshópum í Norðurá 8. – 10. ágúst 2018.	15
Tafla 12. Holdastuðull (K) laxa- og urriðaseiða eftir aldurshópum í Norðurá 8. – 10. ágúst 2018.	15

Myndaskrá

1. mynd. Vatnakerfi Norðurár í Borgarfirði. Fram kemur númer (2 – 15) og staðsetning rafveiðistöðva sem rannsakaðar voru árið 2018.....	16
2. mynd. Laxveiði á stöng á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði árin 1968 – 2018.	17
3. mynd. Hlutdeild veiða og sleppa í laxveiðinni í Norðurá 1968 – 2018.	17
4. mynd. Samanlögð laxveiði í viku hverri á vatnasvæði Norðurár 2018.	17
5. mynd. Dagleg ganga (nettó) laxfiska um teljarann í Glanna ásamt vatnshita í Norðurá árið 2018.....	18
6. mynd. Veiðihlutfall á laxi ofan teljarans í Glanna í Norðurá frá 2002 – 2018.....	18
7. mynd. T.v. Reiknaður hrognafjöldi á flatareiningu (m ²) ofan teljarans í Glanna í Norðurá frá 2011 – 2018. T.h.: Hlutdeild stórlaxahroga af heildarhrognafjölda ofan teljarans í Glanna í Norðurá frá 2011 – 2018.	18
8. mynd. Þróun gönguseiðaaldurs (meðaltöl ásamt staðalfrávik) úr greiningu hreistursýna í Norðurá á tímabilinu 1988 – 2018. Engin sýni bárust árið 2009.	19
9. mynd. Þróun bakreiknaðrar meðallengdar gönguseiða ásamt staðalfrávik úr greiningu hreistursýna úr Norðurá á tímabilinu 1988 – 2018. Engin sýni bárust árið 2009.	19

10. mynd. Bakreiknaður sjávarvöxtur (cm) unglaxa á fyrsta ári í sjó úr hreisturrannsóknnum úr laxveiðinni í Norðurá í Borgarfirði frá 1988 – 2018. Lárétt lína sýnir meðaltal.....	19
11. mynd. T.v: Hlutfall laxa á endurtekinni hrygningu í hreistursýnatöku úr laxveiðinni í Norðurá í Borgarfirði frá 1988 - 2018. Lárétt lína sýnir meðaltal. T.h: Hlutfall hrygna af fjölda laxa á endurtekinni hrygningu í hreistursýnatöku í laxveiðinni í Norðurá frá 1988 – 2018. Lárétt lína sýnir meðaltal. Athugið mismunandi kvarða á Y-ás.	20
12. mynd. Meðallengd (cm) laxaseiða eftir aldurshópum (0+ - 3+) úr seiðarannsóknnum á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði frá 1988 – 2018.	20
13. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) aldurshópa (0+ - 3+) laxaseiða á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 1988 – 2018 (st. 4 – 15) auk meðaltalsvísitölu (heil lína) hvers aldurshóps.	21
14. mynd. Mánaðarleg meðaltöl vatnshita (°C) í Norðurá (Glanni) í Borgarfirði frá 2012 – 2018.	21
15. mynd. Frávik vatnshita (°C) (mánaðarleg meðaltöl) í Norðurá (Glanni) í Borgarfirði frá meðalvatnshita árána 2012 – 2018.	22

Viðaukaskrá

Viðauki 1. GPS staðsetning (WGS 84 dd, dddd°) rafveiðistöðva í seiðarannsóknnum á vatnasvæði Norðurár árið 2018 auk staðsetningar fiskvegar í fossinum Glanna. ¹⁾ Stöð lögð niður frá og með 2017.	23
Viðauki 2. Veiðihlutfall á laxi fyrir ofan fiskteljarann í Glanna í Norðurá frá 2002 – 2018. Veiðihlutfallið er sundurliðað eftir sjávaraldri (smálax/stórlax) frá 2011 - 2018.	23
Viðauki 3. Upplýsingar um laxa á endurtekinni hrygningu úr hreisturrannsóknnum úr Norðurá í Borgarfirði árið 2017. Kyn: 1=hængur; 2=hrygna; 0=óþekkt; FA=aldur í ferskvatni; SA= aldur í sjó; G=fjöldi fyrri hrygninga (1 x G = 1 ár í sjó). Aldur (xx:xx) = fjöldi ára í ferskvatni:fjöldi ára í sjó. Stutt sjávardvöl = lax lifir hrygningu af, hopar til sjávar síðla vetrar og snýr samsúmars til baka í ána.	24
Viðauki 4. Fjöldi laxa og hlutdeild eftir kyni á endurtekinni hrygningu í hreisturrannsóknnum á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði frá 1988 – 2018.	24
Viðauki 5. Vísitala seiðapétteleika (fj/100 m ²) og meðallengdir (cm) eftir aldurshópum úr seiðarannsóknnum í Norðurá í Borgarfirði frá 1988 - 2018.	25

Inngangur

Norðurá í Borgarfirði er gjöful laxveiðiá með 1.777 laxa meðalveiði (1968 – 2017) (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2018). Norðurá flokkast sem dragá og er ein af mörgum hliðarám Hvítár í Borgarfirði. Upptök árinna eru í Holtavörðuvatni á Holtavörðuheidi og rennur hún um 60 km leið niður Norðurárdal og sameinast Hvítá um 5,6 km frá sjó. Tveir fiskvegir eru í Norðurá, sá neðri í Laxfossi rúnum 16 km ofan við ármót, og sá efri í fossinum Glanna, tæplega þremur km ofar eða um 19 km ofan ármóta (mælt á kortasjá Google Earth 7.3.2019). Vatnasvið árinna er um 518 km² (Sigurjón Rist, 1990) en margar hliðarár falla til Norðurrá og nýtast laxastofninum til hrygningar og seiðauppeldis (1. mynd).

Veiðinýting á vatnasvæði Norðurrá hefur verið skráð frá því um 1950 en skýrsluhald um veiðina er einn af mikilvægustu þáttum í vöktunarrannsóknunum á laxastofnum (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2018). Samfelldar rannsóknir hafa farið fram á fiskistofnum Norðurrá frá árinu 1988. Útbreiðsla laxfiska innan vatnasvæðisins hefur verið kortlögð auk þess sem þéttleiki og vaxtarskilyrði seiða hafa verið metin (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2018). Hreistursýni úr stangveiðinni hafa verið greind frá 1988 en þau geyma upplýsingar um lífssögulega þætti laxastofnsins (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2018). Í fossinum Glanna í Norðurá hefur fiskteljari verið starfræktur frá árinu 2002 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2018) og á árunum 2004 og 2005 var botngerð fiskgengu hluta árinna og hliðaráa metin (Friðþjófur Árnason og Sigurður Már Einarsson, 2009). Fjöldi hroga sem hrygnt var í ána á öllu vatnasvæðinu var í fyrsta sinn reiknaður árið 2016, þá fyrir tímabilið 1968 - 2016 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2016). Árið 2018 var hrognafjöldi ofan fiskteljarans í Glanna í Norðurá reiknaður fyrir tímabilið 2011 – 2017 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2018). Skýrslur sem gefnar hafa verið út vegna reglubundinna fiskirannsókna á vatnasvæði Norðurrá í Borgarfirði eru mun fleiri en hér er vitnað til og eru þær taldar upp í heimildaskrá aftast í þessu riti.

Í þessari skýrslu verða niðurstöður fiskirannsókna á vatnasvæði Norðurrá árið 2018 kynntar. Upplýsingar lúta aðallega að greiningu á stangveiðinni í ánni, framsetningu á niðurstöðum fisktalningar og útreikningi á hrognafjölda, auk þess sem þéttleikavísitala og meðallengd seiða er reiknuð og vatnshitagögn kynnt.

Aðferðir

Upplýsingar um stangveiðina í Norðurá voru færðar í rafræna veiðibók, Skrínuna, sem er veiðigagnagrunnur Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Stangveiðinni er skipt eftir tegundum, fjölda og hlutdeild afla og slepptra fiska (veiða og sleppa) auk þess sem veiddum laxi er skipt niður eftir kyni, sjávaraldri og þyngd. Við úrvinnslu laxveiðinnar var miðað við að mörkin á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó) séu skilgreind þannig að hrygnur 3,5 kg og þyngri og hængar 4,0 kg og þyngri hafi náð tveggja ára sjávaraldri (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2018). Laxveiði ársins er tekin saman eftir vikum auk þess sem langtímagögn um þróun stangveiðinnar á svæðinu eru tekin saman og veiði ársins 2018 borin saman við meðalveiði tímabilsins 1974 – 2017.

Þann 31. maí 2018 var fiskteljara (Árvaki Daily) komið fyrir í fiskveginum í Glanna í Norðurá og hann starfræktur til 20. október (1. og 5. mynd). Teljarinn er af gerðinni Árvaki og nemur búnaðurinn fiskana með innrauðu ljósi. Stuðullinn 6,0 (hæðar/lengdarstuðull) var notaður til að umreikna lengd fiska út frá teljaraskráningum. Við úrvinnslu gagna er myndaskráin yfirfarin (skuggamyndir fiska) því fyrir kemur að rusl og truflanir hafi verið skráðar sem fiskar. Jafnframt þarf að ákveða lengdarmörk fyrir skiptingu göngunnar í silung, smálax og stórlax og til þess er lengdar- og þyngdardreifing úr veiðiskráningu ársins höfð til hliðsjónar. Lengdarmörkin voru ákvörðuð þannig að fiskur 44 cm og smærri var skráður sem silungur, smálax var áætlaður á bilinu 45 – 69 cm og stórlax 70 cm eða lengri. Lengd silungs og smálax skarast oft á tíðum á þann hátt að silungur nær oft upp fyrir neðri lengdarmörk smálaxa sem getur skapað óvissu sem þó er talinn óveruleg þegar horft er til stærðar stofnanna í heild. Í umfjöllun um stærð göngunnar um teljarann er miðað við nettó fjölda fiska, þ. e. fjölda talinna fiska upp fyrir teljarann að frádregnum þeim fjölda fiska sem gekk niður um teljarann.

Hreistri var safnað úr stangveiðinni í Norðurá árið 2018 og hefur aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu gagna áður verið ítarlega lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2012a; 2018). Langtímaupplýsingar (1988 – 2018) um ferskvatnsaldur og gönguseiðastærð voru teknar saman. Gert var ráð fyrir línulegu sambandi hreisturlengdar og fisklengdar. Þetta samband má nýta til að bakreikna sjávarvöxt unglaxa (smálaxar í veiðinni 2018), þ.e. lengd hreisturs eftir einn vetur í sjó að frádreginni lengd hreisturs við lok ferskvatnsdvalar. Vöxturinn er borinn saman við fyrri mælingar. Niðurstöður aldursgreininga á hreistri voru uppreiknaðar hlutfallslega fyrir alla veiðina. Tillit var tekið til þyngdardreifingar

laxa með endurtekna hrygningu en algengt er að laxar á annarri hrygningargöngu séu af smálaxastærð (1 ár í sjó) þrátt fyrir að vera réttilega tveggja ára eða eldri úr sjó. Þegar rekja á veiðina til klakárganga er mikilvægt að leiðrétta fyrir þessu svo aldur fiskanna verði réttur. Er það gert með því að finna hlutfall laxa á endurtekinni hrygningu í smálaxastærð af heildarfjölda smálaxa í veiði og uppfæra þann fjölda á niðurstöður hreisturrannsókna. Einn stórlax á fyrstu hrygningargöngu kom fram í sýnatökunni og því þótti ekki rétt að heimfæra upplýsingar um klakárgang af aðeins einum fiski á alla stórlaxaveiðina. Því var stuðst við hlutfallslega skiptingu smálaxaveiðinnar úr hreisturrannsóknum árið 2017 í klakárganga og þær niðurstöður heimfærðar á stórlaxaveiðina árið 2018. Rökin fyrir slíkri aðferðarfræði eru þau að smálaxar í veiðinni 2017 og stórlaxar í veiðinni 2018 eru af sama gönguseiðaárgangi (2016). Auk þessa voru teknar saman upplýsingar um hlutfall og kynjaskiptingu laxa á endurtekinni hrygningu úr hreistursafni hvers árs á tímabilinu 1988 – 2018.

Hrognafjöldi úr hrygningu laxa á efra svæði Norðurár, ofan fiskteljarans í Glanna, var reiknaður fyrir tímabilið 2011 – 2018, út frá sambandi hrognafjölda og þyngdar hjá smálaxi og stórlaxi (Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson, 2002). Aðferðum við útreikninga á hrognafjölda var ítarlega lýst í fyrri skýrslu (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2018).

Seiðarannsóknir voru gerðar á stöðvum nr. 2 - 15 (1. mynd; viðauki 1) á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 8. – 10. ágúst 2018. Rafveitt var á níu stöðvum í Norðurá (nr. 2 - 10), tveimur í Sanddalsá (nr. 11 og 12), einni í Mjóadalsá (nr. 13) og tveimur í Bjarnadalsá (nr. 14 og 15). Allar þessar stöðvar hafa allar verið rannsakaðar árlega um langt skeið. Rafveiðistöð nr. 16 í Bjarnadalsá (1. mynd), sem jafnframt hefur verið hluti af reglubundnum seiðamælingum á vatnasvæðinu, var lögð niður árið 2017 þar sem svæðið á stórum kafla hafði verið raskað. Farin var ein rafveiðiyfirferð á hverri stöð, seiðin svæfð, lengdar- og þyngdarmæld, auk þess sem kvarnir og hreistur voru tekin af nokkrum seiðum til aldurákvörðunar. Meðallengd hvers aldurshóps var reiknuð, á hverri stöð og fyrir svæðið í heild.

Vísitala seiðapéttleika (fjöldi veiddra seiða í einni yfirferð í rafveiði á hverja 100 m² af botnfleti árinna) var reiknuð fyrir alla aldurshópa seiða á hverri stöð og sem meðaltal stöðva. Bæði meðallengd og seiðavísitala voru borin saman við langtímameðaltöl seiðarannsókna á svæðinu. Holdastuðull (K) ($\text{Holdastuðull} = \text{þyngd}/\text{lengd}^3 \cdot 100$) (Bagenal og Tesch, 1978) segir

til um hversu vel seiðin eru á sig komin og var hann reiknaður fyrir laxaseiði á hverri stöð. Holdastuðull nærri 1,0 lýsir seiðum í meðalholdum.

Vatnshiti var skráður í Glanna í Norðurá (64,75387°N, -21,54617, WGS 84) (viðauki 1) með sítitandi hitamæli af gerðinni DST centi-T og mælt var á einnar klst. fresti. Niðurstöður mælinga voru teknar saman fyrir tímabilið 2012 – 2018 og reiknaður var meðalhiti hvers mánaðar og meðalhiti yfir allt tímabilið. Reiknað var frávik vatnshita hvers mánaðar frá meðaltali tímabilsins.

Niðurstöður

Stangveiði

Alls veiddust 1.692 laxar í Norðurá árið 2018 (tafla 1) sem er 4,8% undir langtímameðaltali (1968 – 2017) (2. mynd). Hlutfall laxa sem sleppt var aftur (veiða og sleppa) í laxveiðinni nam 40,5% og hefur farið vaxandi síðustu ár (tafla 1; 3. mynd). Hlutur smálaxa af heildarveiðinni var 84,2% og þar af var hlutur hrygna 44,5% (tafla 2) og 30% smálaxa var sleppt aftur (tafla 1). Stórlaxaveiðin (15,8%) samanstóð af 204 hrygnum og 64 hængum (tafla 2) og var meirihluta stórlaxa sleppt aftur eða 96,6% (tafla 1). Smálaxar vógu 2,4 kg að meðaltali en stórlaxar 5,2 kg (tafla 2). Að auki veiddust 33 urriðar, tvær bleikjur og einn regnbogasilungur (tafla 1).

Laxveiðin í Norðurá náði hámarki vikurnar 2. – 15. júlí en þá veiddust samanlagt 581 lax en meðalveiði á viku í Norðurá yfir allan veiðitímann var 113 laxar (4. mynd). Eftir miðjan júlí minnkaði veiðin jafnt og þétt og í vikunni 20. – 26. ágúst veiddust einungis 13 laxar. Veiðin jókst talsvert aftur í fyrstu viku september.

Fiskteljari og veiðihlutfall

Nettóganga um fiskteljarann í Glanna í Norðurá samanstóð af 269 silungum, 904 smálöxum, 291 stórlaxi (tafla 3; 5. mynd). Stór hluti laxagöngunnar fór um teljarann í júlí eða 76,2% en mest var silungangan í júlí og ágúst eða samanlagt 56,7% (tafla 3). Veiðihlutfall á laxi ofan teljarans var 35,0% eða 3,6% yfir langtímameðaltali (6. mynd) og skiptist þannig að veiðihlutfall á smálaxi var 39,5% en á stórlaxi 21,0% (viðauki 2).

Hrognafjöldi

Fjöldi laxahrogn á búsvæðum ofan teljarans í Glanna var áætlaður 3,4 milljónir árið 2018, sem er 632 þúsund hrognum undir meðaltali áranna 2011 – 2018 (tafla 4; 7. mynd). Fjöldi hrogn á flatareiningu var áætlaður 2,0/m², lítið eitt undir meðaltali áranna 2011 - 2018 (2,32 hrogn/m²). Á tímabilinu hafa töluverðar sveiflur komið fram á laxahrygningunni, en minnsta hrygningin var haustið 2012 eða 1,37 hrogn/m² en mesta hrygningin 2,95 hrogn/m² árið 2015. Árið 2014 var ennfremur slakt hrygningarár (tafla 4). Hluttur stórlaxahrogn af heildarfjöldanum 2018 var 55,1%, sem er sá hæsti á tímabilinu, en hluttur stórlaxa í hrygningunni hefur farið vaxandi (tafla 4; 7. mynd).

Hreistur

Alls voru 84 hreistursýni rannsökuð úr laxveiðinni í Norðurá árið 2018, eða af tæplega 5% veiðinnar (tafla 5). Ellefu laxar voru á endurtekinni hrygningargöngu (tafla 6) sem allir teljast 2ja ára úr sjó en féllu undir smálaxaviðmið í lengd (viðauki 3). Ferskvatnsaldur í hreistursýnatöku 2018 spannaði 2 – 5 ár (tafla 5 og 6) og var að meðaltali 3,6 ár (tafla 7). Aldur gönguseiða í Norðurá á tímabilinu 1988 – 2018 var 3,52 ár að meðaltali og mældist hæstur árið 1992 eða 4,04 ár en lægstur árið 2006 eða 3,21 ár (8. mynd). Bakreiknuð lengd gönguseiða úr hreistursýnatöku árið 2018 var 12,3 cm að meðaltali (tafla 7) en langtímameðaltalið (1988 – 2018) var 12,6 cm (9. mynd). Minnst var meðallengd gönguseiða árið 1990 eða 11,3 cm en mest 13,9 cm árið 2005 (9. mynd). Bakreiknaður vöxtur unglaxa í hafi sumar og haust 2018 var 33,5 cm eða 0,6 cm undir langtímameðaltali (1988 – 2018) (10. mynd). Á þessu tímabili hefur vöxtur hjá unglaxi mælst slakur árin 2012, 2014 og 2016. Laxveiðin var rakin til fimm klakárganga, 2011 – 2015 (tafla 8) (þ.e. hrygningargöngur áranna 2010 – 2014). Rúmlega helmingur veiðinnar (50,6%) var rakinn til klakárgangs 2013 (hrygningarganga 2012) en tæplega þriðjungur (30,4%) til klaks ársins 2014 (hrygningarganga 2013) (tafla 8). Fjöldi laxa á endurtekinni hrygningu uppreiknaður á veiðina í Norðurá árið 2018 var 189 eða 11,1% af heildarveiðinni (tafla 8).

Hlutfall laxa á endurtekinni hrygningargöngu af heildarfjölda hreistursýna úr laxveiðinni í Norðurá nam 13,1% árið 2018, en á tímabilinu 1988 – 2018 var hlutfallið 4,9% að meðaltali (11. mynd t. v.). Í hrygningargöngunni 2012 reyndist hlutfall endurtekinnar hrygningar mest á tímabilinu eða af 27,9% hreistursýna (11. mynd t. h.). Hlutdeild hrygna af löxum á endurtekinni

hrygningu var 45,5% árið 2018 en meðaltal tímabilsins 1988 – 2018 var 70,5% (11. mynd t. h.; viðauki 4).

Seiðarannsóknir

Í rafveiðum á vatnasvæði Norðurár árið 2018 veiddust 1.178 laxaseiði, frá sumargömlum seiðum (0+) upp í seiði á fimmta ári (4+) (tafla 9). Jafnframt veiddust 58 urriðaseiði, einnig af sömu aldurshópum (0+ til 4+) (tafla 10).

Meðallengd sumargamalla laxaseiða var 3,3 cm, seiði á öðru ári voru 5,7 cm og seiði á þriðja ári 7,8 cm (tafla 9). Í öllum tilfellum var meðallengd aldurshópanna minni en árið 2017 og frá 0,3 – 0,6 cm undir langtímameðaltali (1988 – 2018) (12. mynd; viðauki 5).

Samanlögð vísitala allra aldurshópa laxaseiða (stöðvar 4 – 15) var 56,0/100 m² (tafla 11), sú þriðja hæsta sem mælst hefur á vatnasvæðinu og rúmlega tvöfalt hærri en langtímameðaltalið (1988 – 2018) (13. mynd; viðauki 5). Vísitala sumargamalla laxaseiða var þrefalt langtímameðaltalið og sú fjórða hæsta frá upphafi mælinga eða 23,4/100 m². Vísitala seiða á öðru ári var tvöfalt langtímameðaltal og einnig sú fjórða hæsta frá upphafi eða 21,9/100 m². Vísitala seiða á þriðja ári var 10,0/100 m² og tæplega tvöfalt hærri en langtímameðaltalið (13. mynd; viðauki 5).

Allir aldurshópar laxa- og urriðaseiða mældust með holdastuðul yfir 1,0 og var holdastuðull laxaseiða 1,09 að meðaltali og urriðaseiða 1,13 (tafla 12).

Vatnshiti

Meðalvatnshiti hvers mánaðar í maí – ágúst í Glanna í Norðurá árið 2018 var annar lægsti yfir tímabilið 2012 – 2018, lítið eitt hærri en mánaðarmeðaltöl sumarsins 2015 sem var það kaldasta á tímabilinu (14. mynd). Neikvætt hitafrávik frá meðaltali (2012 – 2018) mældist alla mánuði frá maí – október 2018, mest 1,5°C í júní (15. mynd).

Umræður

Laxveiðin í Norðurá árið 2018 var lítið eitt undir meðalveiði tímabilsins 1968 – 2017. Eftir góðæri í veiðinni í Norðurá árin 2005 - 2011 hafa komið fram miklar sveiflur í veiðinni frá þeim tíma. Þannig var veiðin afar slök árin 2012 og 2014 auk þess sem veiðin árið 2016 var nokkuð undir meðalveiði. Inn á milli hafa hins vegar komið mjög góð veiðiár eins og 2013 og 2015. Í rannsóknum á sjávarvexti unglaxa í hreisturgagnaröð sem nær aftur til 1989 kemur skýrt fram að í þessum lélegu árum fer saman að vöxtur unglaxa á fyrsta ári í sjó er mjög slakur. Þetta bendir til erfiðra skilyrða í sjó á þessum árum, sem virðist valda miklum afföllum á laxi. Marktæk tengsl eru á milli vaxtar unglaxa í sjó og veiðinnar (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2018). Um helmingur veiðinnar í Norðurá árið 2018 var rakinn til hrygningargöngu ársins 2012 sem var ein sú lakasta um langt árabil (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2018) og um þriðjungur veiðinnar var rakinn til hrygningargöngunnar 2013, sem hinsvegar var ein sú stærsta á tímabilinu. Þrátt fyrir litla hrygningargöngu árið 2012 mældist þéttleiki 0+ seiði árið eftir vel yfir meðallagi og 1+ seiði tveimur árum síðar einnig yfir meðallagi. Veiðihlutfall á laxi ofan teljarans í Norðurá hefur verið reiknað frá 2002 og er 31,4% að meðaltali. Frá 2011 – 2018 hefur veiðihlutfallið verið reiknað fyrir smálax annarsvegar og stórlax hinsvegar og var að meðaltali 36,8% á smálaxi og 28,6% á stórlaxi (viðauki 2). Talsverður breytileiki er á milli ára og hefur veiðihlutfall á smálaxi mælst á bilinu 20,8 – 49,6% og á stórlaxi 15,0 - 51,4%. Veiðihlutfall í nokkrum íslenskum ám hefur verið reiknað og haft til hliðsjónar við hrognáuttreikning í ám þar sem teljari er ekki til staðar (Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson, 2008). Í þeirri rannsókn var meðalveiðihlutfall um 50% á smálaxi og um 70% á stórlaxi. Veiðihlutfall í Norðurá ofan Glanna er því talsvert lægra en þetta viðmið segir til um. Einnig er bent á að lax gengur í einhverjum mæli framhjá teljaranum í Glanna sem þýðir að veiðihlutfallið getur verið nokkru lægra en hér er miðað við, mat á hrognamagni kann því að vera vanmetið. Svæðið ofan teljarans í Glanna er mjög víðfeðmt og veiðisóknin hugsanlega erfiðari fyrir vikið, auk þess að hliðarár eru friðaðar fyrir veiði og sama gildir um efsta svæði Norðurár. Þannig verða fleiri laxar eftir til hrygningar en í ám þar sem veiðihlutfallið er hærra. Sleppingar í Norðurárveiðinni (veitt og sleppt) hafa ennfremur mjög mikil áhrif á hrognafjöldann og þá sérstaklega hjá stórlaxi, en nær öllum stórlaxi er sleppt. Þær aðferðir sem nú er beitt við veiðistjórnun í Norðurá eru því lykillinn að því að stækka hrygningarstofninn sem er

sérstaklega mikilvægt í árum þegar göngur eru litlar eins og 2012 og 2014. Á svæðinu ofan við Glanna er að finna um 70% af framleiðslugetu Norðurár (Friðþjófur Árnason og Sigurður Már Einarsson, 2009) og því afar mikilvægt að framleiðslugeta svæðisins nýtist að fullu. Nýlega hefur samband hrygningar og nýliðunar verið rannsakað í Gljúfurá, hliðará Norðurár, og miðað er við að þar þurfi 3,5 hrogn/m² til að fullnýta framleiðslugetu búsvæða árinna (Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson, 2018). Mat á hrognafjölda í Norðurá ofan Glanna frá 2011 er nokkru lægra eða 2,3 hrogn/m² að meðaltali. Nær öllum stórlaxi er sleppt í stangaveiðinni í Norðurá og einnig hafa sleppingar smálaxa aukist. Þessar breytingar á veiðistjórnun hafa stækkað hrygningarstofn árinna og m.a. er greinileg aukning á hlutdeild stórlaxa í Norðúrhrygningunni. Greina þarf nánar samband hrygningar og nýliðunar í Norðurá, sérstaklega á svæðinu ofan við Glanna þar sem nákvæmar tölur liggja fyrir um göngur og veiði þannig að betri upplýsingar liggi fyrir við hvaða hrognafjölda þurfi til að hámarka framleiðslugetu búsvæða Norðurár.

Athygli vekur mikill fjöldi laxa á endurtekinni hrygningu í veiðinni í Norðurá árið 2018 en hlutfall þeirra í hreistursýnum var yfir 13%. Niðurstöðurnar uppreiknaðar á veiðina gáfu til kynna að fjöldi þeirra næmi tæplega 190 löxum af heildarveiðinni. Þessi eiginleiki, að hluti laxa komi til endurtekinnar hrygningar, getur verið mikilvægur fyrir nýliðun í ánni, einkum þegar smálaxagöngur eru litlar, og aukið þannig stöðugleika stofnanna (Klemetsen o.fl., 2003). Hlutfall laxa á endurtekinni hrygningargöngu í hreistursýnum í Norðurá á árabílinu 1989 – 2006 var metið 3% (Halla Kjartansdóttir, 2008) en hefur farið hækkandi og er meðaltal tímabilsins 1988 - 2018 4,9% (viðauki 4). Í sýnatöku ber hlutfallslega meira á löxum á endurtekinni hrygningu þegar smálaxagöngur eru litlar. Til að mynda skar árið 2012 sig úr með 27,9% hlutdeild sýna á endurtekinni hrygningu. Þetta hlutfall uppreiknað á veiðina í Norðurá árið 2012 gerði um 330 laxa, sem var um þriðjungur veiðinnar. Þessi eiginleiki er því mjög mikilvægur, bæði fyrir veiðinýtinguna í ánni og einnig fyrir laxastofninn sjálfan, þegar niðursveifla kemur í hrygningargönguna. Sýnt hefur verið fram á að fjöldi laxa á endurtekinni hrygningu er oftast en ekki borinn uppi af hrygnum og samkvæmt rannsókn á hreisturgögnum úr nokkrum íslenskum ám á árabílinu 1989 – 2006 var hlutfall hrygna að meðaltali 66,4% af heildafjölda laxa á endurtekinni hrygningu (Halla Kjartansdóttir, 2008). Hlutfallið var breytilegt eftir ám og sem dæmi má nefna að í

